

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum:  
[www.reykjavik.is/trunadur](http://www.reykjavik.is/trunadur)

**From:** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA <uua@uua.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 11. febrúar 2025 09:32  
**To:** Heilbrigðiseftirlit <heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is>; [REDACTED]  
[REDACTED]; USK Þjónustu netfang <usk@reykjavik.is>  
**Cc:** [REDACTED]

**Subject:** Tilkygning um stjórnsýslukæru nr. 24/2025.

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, móttokin 10. febrúar 2025 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um synjun á beiðni kæranda um aukin opnunartíma og krafa um ógildingu hljóðskýrslu sem unnir var af HER.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða, t.a.m. **fundargerðir, uppdrettir, umsóknir, samskipti við aðila máls og stofnanir.** Stjórnvaldi er jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkygningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

f.h. nefndarinnar

**Ólöf Harðardóttir,  
skrifstofumaður**

Úrskurðarnefnd umhverfis-og auðlindamála

Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland












Sími / Tel: (+354) 5758710

[www.uua.is](http://www.uua.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Image removed by sender.

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.

Please consider the environment before printing and choosing transport.

-  - ~WRD0000.jpg
-  - Umsögn vegna kæru SKOR 24-2025.pdf
-  - image001.png
-  - image002.png
-  - Fylgiskjal 1.pdf
-  - Fylgiskjal 2.pdf
-  - Fylgiskjal 3.pdf
-  - Fylgiskjal 4.pdf
-  - Fylgiskjal 5.pdf
-  - Fylgiskjal 6.pdf
-  - Fylgiskjal 7.pdf



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2025

Tilvísun: 2025020150

**Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í málinu nr. 24/2025, kæra Rollsins ehf., Grandagarði 9, 101 Reykjavík, móttekin dags. 11. febrúar 2025.**

**Kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um að synja SKOR um aukinn opnunartíma dags. 10. janúar 2025 auk þess sem krafist er ógildingar á hljóðskýrslu Heilbrigðiseftirlitsins.**

#### Málavextir

Mál veitingastaðarins SKOR á sér forsögu og er vísað til fyrri greinargerða Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (hér eftir HER) í kærumálum úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindarmála (ÚUA) nr. 57/2024, 42/2023, 102/2022 og 77/2022 þar sem málsatvik eru rakin til 23. maí 2024 (sjá fylgiskjöl nr. 1-4).

Þann 9. september 2024 barst HER umsókn um breytingu á starfsleyfis skilyrðum Skor með auknum opnunartíma. Sótt var um opnun til kl. 23 alla virka daga og til 01 um helgar, að undanskildu einkaherbergi sem loka skyldi kl 22 virka daga og kl 23 um helgar. Til vara var sótt um opnun til kl 23 alla virka daga og til 00 um helgar, að undanskildu einkaherbergi sem skyldi loka kl 22 virka daga og 23 um helgar.

HER óskaði í kjölfarið eftir því að fá að framkvæma hljóðmælingar í íbúðum nr. 201, 205 og 301 en þeim beiðnum var ýmist hafnað eða ekki svarað, sbr. fylgiskjal nr. 5.

Þann 7. janúar 2025 fóru tveir heilbrigðisfulltrúar í eftirlit í húsnæði SKOR til að taka út þær úrbætur á hljóðvist sem vísað var til í ofangreindri umsókn. Í eftirliti var staðfest að settar hafa verið upp einangrunarplötur í hluta lofts Geirsgötumegin, fyrir neðan íbúð 205 og við pílubása í nánd við íbúðina sem og í aðalrými staðarins. Skor hóf að klæða loftið með umræddum plötum, fyrir umsókn um rýmkaðan opnunartíma dags. 10. janúar 2024, og er því um að ræða framhald af þeim aðgerðum. Samkvæmt eftirlitsskýrslu þekja loftaplöturnar nú stærra svæði loftsins en enn er loftið ekki klætt að fullu. Í eftirlitsskýrslu HER dags. 14. febrúar 2024 kom einnig fram að bæta þurfi frágang í kringum lagnir, en hljóð berst í gegnum öll göt á hljóðeinangrun. Við eftirlit þann 7. janúar sl. var staðfest að frágangur í kringum rör er óbreyttur frá 14. febrúar 2024. Frágangi kringum rör og lagnir er því enn ábótavant.



## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Í eftirlitinu voru staðfestar aðrar ráðstafanir sem rekstraraðili hefur gert, sem hann telur að bæti hljóðvist. Loftræstitúða er komin á op í lofti fyrir framan sérherbergi, 3 hljóðdempandi hringir (ca 10 cm í þvermál hver) og bylgjulaga svampmillilag á vegg milli pílubása fyrir framan sérherbergi. Jafnframt tiltók rekstraraðili að nýtt lag hafi verið sett á vegg sem eigi að hafa hljóðdempandi áhrif. Gluggatjöld eru til staðar á staðnum en hafa við eftirlit ávallt verið frádregin. HER benti á að gluggatjöldin þurfi að vera dregin fyrir til að hafa fulla virkni. Ennfremur fylgdu engin gögn með umsókninni sem að styðja við fullyrðingar um hljóðdempandi eiginleika umræddra úrbóta en við skynmat var hvorki að sjá né heyra að hljóðdempandi hringir hafi umtalsverð áhrif í að bæta hljóðvistina. Veggur á karíókíherbergi er óbreyttur frá fyrra eftirliti og engar hljóðdempandi lausnir á þeim vegg.

Í eftirlitsskýrslu HER er einnig getið um fleiri frávik. Þannig var óskað eftir því í eftirliti þann 25. maí 2024 að skilað yrði inn útbótaáætlun varðandi ómtíma í rými fyrir framan sérherbergi og var frestur til þessa veittur til 9. ágúst 2024. Sú úrbótaáætlun hefur enn ekki borist HER. Að sama skapi upplýstu rekstraraðilar í eftirliti þann 14. febrúar 2024 um breytingar á hljóðkerfi inni í sérrými Skor, þ.e. litlir hátalar höfðu verið settir upp og til stóð að taka niður stærri hátalara í rýminu. Í eftirliti 7. janúar sl. höfðu stærri hátalararnir ekki verið fjarlægðir og voru þeir í sambandi. Ennfremur er hljóðgildra í karíókíherbergi ekki virk þar sem önnur af tveimur hurðum herbergisins hefur verið fjarlægð. Þá hefur húseigandi ekki rannsakað hvort steikingarlykt sé að berast upp í íbúðir samkvæmt rekstraraðila, þrátt fyrir kvartanir þess efnis.

HER sendi SKOR bréf með tölvupósti dags. 10. janúar 2025 þar sem beiðni Rollsins ehf. um rýmkun opnunartíma staðarins SKOR var hafnað. Sagði þar m.a. *“HER hefur rýnt þau gögn er fylgdu beiðni um rýmkun opnunartíma staðarins en í þeim er ekki sýnt fram á að þær úrbætur á hljóðvist sem Skor hefur gert eða leggur til bæti hljóðvist staðarins og komi í veg fyrir að íbúar fyrir ofan staðinn verði fyrir ónæði vegna starfseminnar. Rekstraraðili Skor hefur ítrekað fengið tækifæri til að lagfæra hljóðvist staðarins og bregðast við athugasemdum heilbrigðiseftirlitsins án tilætlaðs árangurs”,* sbr. fylgiskjal nr. 6.

### Málsástæður og kröfugerð

Kröfugerð kæranda er útlistuð í kæru en verður að telja mörg kærutriði óljós. Af kæru má þó ráða að kærandi fari aðallega fram á að úrskurðarnefndin ógildi synjun HER um rýmkun á opnunartíma. Kærandi krefst einnig að hljóðskýrsla og framkvæmd hljóðmælinga HER sem notuð er til grundvallar ákvörðunar um útgáfu starfsleyfisskilyrða fyrir Skor verði dæmd ógild.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fer fram á að kröfum kæranda verði hafnað eða vísað frá.

### Afstaða Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Kæruheimild til nefndarinnar sem mál þetta byggir á er að finna í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna stjórnvaldsákvæðana sem teknar eru á grundvelli þeirra laga. Umsögn þessi einskorðast við hvort hin kæránlega stjórnvaldsákvörðun sem málið fjallar um, þ.e. synjun um rýmkun opnunartíma, sé ógildanleg. Aðrar athugasemdir kæranda sem snúast ekki um kæránlegar stjórnvaldsákvæðanir verða ekki teknar til umfjöllunar.



### Rýmkun opnunartíma

Í kjölfar niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 102/2022 voru gerðar nákvæmar mælingar á hávaða frá veitingastaðnum Skor. Þær mælingar sýndu að ekki hafði verið unnt að meta raunverulegt ónæði af starfseminni fyrr en að loknum mælingum í íbúðum á 2. hæð hússins sem stóðu yfir í þrjár vikur samfleytt í apríl 2023. Samkvæmt hljóðskýrslu sem unnin var eftir hljóðmælingar og skynmat í september s.á. í sömu íbúðum voru aðstæður enn metnar óviðunandi. Í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 57/2024 var felld úr gildi ákvörðun HER um að aflétta takmörkunum á opnunartíma samkvæmt starfsleyfi Skor. Var í því máli í grundvallaratriðum um sömu málsatvik að ræða og þau er nú sæta kæru. Umsókn rekstraraðila dags. 10. janúar 2024 byggði á því að ráðist hefði verið í umfangsmiklar hljóðeinangrandi aðgerðir á staðnum og staðfesti HER í eftirliti 14. febrúar s.á. að úrbætur höfðu verið gerðar í miðrymi veitingastaðarins, sérstaklega undir íbúðum með hljóðeinangrandi hljóðisogsplötum. Þá höfðu verið gerðar úrbætur á sérherbergi; loftræstingu og breytingar á hljóðkerfi í sérherbergi. Í eftirlitinu kom fram að úrbótum væri ekki að fullu lokið. Ekki fékkst heimild eigenda íbúða á 2. hæð hússins fyrir hljóðmælingu. Með úrskurði nr. 57/2024 sem kveðinn var upp 24. júlí 2024, felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála úr gildi ákvörðun HER dags. 27. febrúar 2024 um að rýmka opnunartíma staðarins til kl. 23 sunnudaga til fimmtudaga og til kl. 01 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og frídaga þar sem engar hljóðmælingar eða skynmat sambærilegt því sem framkvæmt var árið 2023 lá fyrir sem stutt gat þá ákvörðun HER.

Kvartanir hafa borist frá íbúum í íbúðum 205 og 301 vegna hávaða frá staðnum eftir að opnunartími staðarins var takmarkaður að nýju í júlí 2024 við kl. 22 virka daga og kl 23 um helgar. 27 kvartanir hafa borist síðan í september 2024, þ.e. eftir þær úrbætur sem umsókn Skor um aukin opnunartíma byggja á, sbr. fylgiskjal nr. 7. Kvartað er undan hávaða frá gestum, hávaða frá tónlist, kútahljóðum og steikingarlykt frá staðnum.

HER áréttar að í 8. gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða kemur fram að forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða. Ónæði er skilgreint sem veruleg og/eða ítrekuð truflun eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir. Skor hefur óskað eftir því við HER að framkvæmdar yrðu hljóðmælingar í íbúðum fyrir ofan staðinn í kjölfar úrbóta á hljóðvist staðarins. Íbúar umræddra íbúða hafa neita HER um framkvæmd hljóðmælinga líkt og áður hefur komið fram. Samkvæmt fyrrnefndri 8. gr. er það skylda rekstraraðila að sýna fram á að hljóðeinangrun á staðnum sé fullnægjandi. Þrátt fyrir að þau gögn sem fylgdu umsókn um rýmkaðan opnunartíma sýndu að gripidd hefði verið til ráðstafana til að bæta hljóðvist SKOR þá geta þau gögn ein og sér ekki sýnt fram á að þær bæti hljóðvist staðarins þannig að komið sé í veg fyrir að íbúar hússins verði fyrir ónæði vegna starfseminnar, sbr. úrskurð ÚUA nr. 57/2024. HER hefur lagt áherslu á við rannsókn málsins og ákvörðunartöku að fylgja leiðbeiningum úrskurðarnefndar.



## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

### Ógilding hljóðskýrslu

HER áréttar að ekki liggi fyrir í málinu eiginleg hljóðskýrsla líkt og fjallað er um í kæru. Hins vegar hafi HER útbúið eftirlitsskýrslu þar sem farið var yfir niðurstöður hljóðmælinga sem framkvæmdar voru 15. og 29. september 2023. Lítur HER svo á að krafa kæranda um ógilding hljóðskýrslu varði fyrrnefnda eftirlitsskýrslu. Hér eftir verður vísað til umræddrar eftirlitsskýrslu sem eftirlitshljóðskýrslu til einföldunar.

Hlutverk úrskurðarnefndarinnar er að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og í ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011. Framkvæmd hljóðmælinga og útgáfa skýrslu á grundvelli þeirra mælinga er ekki stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 enda felur hún ekki í sér ákvörðun um rétt eða skyldu manna. Fer HER því fram á að vísað verði frá kröfu kæranda um ógilding umræddrar eftirlitshljóðskýrslu. Fallist nefndin ekki á frávísun krefst HER þess að kröfum kæranda verði hafnað á grundvelli eftirfarandi málsástæðna.

Í fyrsta lagi er ljóst að krafa um ógilding eftirlitshljóðskýrslunnar er of seint fram komin. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er kærufrestur til úrskurðarnefndarinnar einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Fjallað er um kærur sem berast að liðnum kærufresti í 28. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Í 1. mgr. ákvæðisins er tekið fram að vísa skuli kæru frá hafi hún borist að liðnum kærufresti nema afsakanlegt verði talið að kæran hafi ekki borist fyrr, sbr. 1. tl. eða að veigamiklar ástæður mæli með því að kæran verði tekin til meðferðar skv. 2. tl. Hljóðmælingar þær sem skýrslan byggir á voru framkvæmdar 15. og 29. september 2023 og var skýrslan afhent málsaðilum með tölvupósti þann 30. október 2023. Kærufrestur er því liðin skv. bæði lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og stjórnslulögum.

Í öðru lagi vísar HER á bug öllum fullyrðingum þess efnis að ekki hafi verið réttilega staðið að hljóðmælingum og gerð eftirlitshljóðskýrslu. Heilbrigðisnefndir framkvæma eftir þörfum eða láta framkvæma eftirlitsmælingar á hávaða í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits, sbr. c-lið 11. gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða (hér eftir hávaðareglugerð). Í 3. kafla leiðbeininga Umhverfisstofnunar segir meðal annars að við mælingar á hljóðstigi frá atvinnustarfsemi skuli mæla skv. annarri af tveimur norrænum mæliaðferðum, Metod för immissionsmätning av externt industribuller (sænska aðferðin) eða Måling af ekstern støj fra virksomheder (danska aðferðin). Við umræddar hljóðmælingar notaðist HER við sænsku aðferðina.

Varðandi gagnrýni kæranda á skilgreiningu HER á heilsuspillandi hávaða og viðmiðunarmörkum þess þá segir í 1. mgr. 7 gr. hávaðareglugerðarinnar að viðmið fyrir heilsuspillandi hávaða sé 85 dB(A)  $L_{Aeq}$  (jafngildishljóðstig í 8 klst). Við mat á heilsuspillandi hávaða skal hins vegar ekki meta áhrif hávaða og ónæðis eingöngu út frá mældum gildum heldur ber sérstaklega hafa eftirfarandi atriði í huga:



## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

- a. Styrk hávaðans mældan í desíbelum(A).
- b. Tónhæð hávaðans.
- c. Hvort hávaðinn er stöðugur eða breytilegur.
- d. Daglega tímalengd hávaðans.
- e. Tíma sólarhringsins er hávaðinn varir.
- f. Heildartímabil, sem ætla má að hávaðinn vari (dagar/vikur).
- g. Að börn eru viðkvæmari fyrir hávaða en fullorðnir.

Þá segir í töflu III í viðauka við hávaðareglugerðina um viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða að hljóðstig frá atvinnurekstri skal ekki fara yfir 30 dB(A) innandyrna í íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum. Ljóst er að mæligögn sýna að þegar starfsemi Skor er í gangi fer hljóðstig í íbúðum að lágmarki 3-5 dB(A) yfir þau mörk, jafnvel meira.

Hér er um að ræða hávaða sem veldur ónæði í íbúðarhúsnæði í hverri viku, á tímum sólarhrings þar sem ætla má að fólk sé í ró í sínu húsnæði eða sé gengið til hvílu og varir um ófyrirséðan tíma, allt eftir hve lengi staður verður í rekstri. Langvarandi áhrif ónæðis af völdum hávaða hefur heilsufarsáhrif í för með sér s.s. streitu, svefnleysi og þreytu sem aftur getur leitt til langvarandi sálfélagislegra áhrifa og jafnvel áhrif á hjarta- og æðasjúkdóma. Ef litið er til þessara þátta í viðbót við mæld gildi sem fara yfir heimil mörk er það mat HER að aðstæður í íbúð séu heilsuspillandi enda verði álag vegna ónæðis umtalsvert.

Að því er varðar rökstuðning kæranda um réttmæti skynmats við mat á hávaða bendir HER á að líkt og fram kemur í fyrrnefndri 7. gr. hávaðareglugerðarinnar skal ekki meta áhrif hávaða og ónæðis eingöngu út frá mældum gildum heldur skal einnig horfa til þátta eins og tónhæðar, hvort hávaði sé stöðugur eða breytilegur, dagleg lengd hans, tímabil sólarhrings sem hann varir og heildartímabils þess sem ætla má að hann vari (dagar/vikur/ár). Þetta mat er gert m.a. með skynmati en við hljóðskynmat er beitt vísindalegri nálgun með skynfærum til að meta hljóð og hljóðvist. Skynmat er oft framkvæmt á meðan hljóðmæling stendur yfir og er þá m.a. skráð niður með tímasetningum hvað fulltrúi heyrði á meðan mæling stóð yfir, líkleg orsök hljóðs og lýsing á hljóði.

Í 10. kafla sænsku hljóðmælingaaðferðarinnar er fjallað um högghljóð og ríkjandi tónþætti og segir þar að ríkjandi tónþætti skuli meta á tvenns konar vegu.

- A. „Vanligtvis bedöms förekomsten av hörbara tonkomponenter subjektivt på platsen av den som utför mätningarna.
- B. Råder tveksamhet om hörbara tonkomponenter förekommer kan en objektiv mätning exempelvis enligt Appendix 9 genomföras. Korrektion för hörbara toner bestäms sedan utgående från resultat från en sådan mätning. “



## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Þetta má t.d. þýða á eftirfarandi hátt:

- A. Almennt er tilvist heyranlegra tónþátta huglægt metið á staðnum af þeim sem framkvæmir mælingarnar.
- B. Ef vafi leikur á hvort heyranlegir tónþættir séu til staðar er hægt að framkvæma hlutlæga mælingu, til dæmis samkvæmt viðauka 9. Leiðrétting fyrir heyranlega tóna er síðan ákvörðuð út frá niðurstöðum slíkrar mælingar.

Skv. ofangreindu er ljóst að huglægt skynmat er hluti af þeirri aðferðafræði sem notuð er samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar þegar hljóðstig er mælt.

Í breska staðlinum BS 4142:2014 Methods for Rating and Assessing Industrial and Commercial Sound er farið ítarlega í aðferðafræði við hljóðmælingar og er staðallinn hannaður m.a. fyrir heilbrigðisfulltrúa við hljóðmælingar. Staðallinn er einnig notaður við kennslu hjá Institute of Acoustics í Englandi þegar fulltrúar fá Certificate of Competence in Environmental Noise Measurement. Í 9. kafla staðalsins er lýst sambærilegri aðferðafræði og fram kemur í sænsku mæliaðferðinni hér að ofan.

Skynmat á sér því stoð í bæði stöðlum og regluverki annarra landa auk viðurkenndra aðferða hér á landi. Slíkt mat hefur verið framkvæmt í eftirliti hérlendis í áratugi hjá heilbrigðiseftirlitum og er viðurkennd aðferð til mats á ónæði. Það er því mat HER að skynmat sé mikilvægt verkfæri við hljóðmælingar sem nota skal annað hvort sjálfstætt eða samhliða öðrum aðferðum við að meta ónæði vegna hávaða.

Með vísan til framangreinds telur HER ljóst að eftirlitshljóðskýrsla um hljóðmælingarnar og þær hljóðmælingar sem hún byggir á séu framkvæmdar í samræmi þau lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem um hana gilda.

### Niðurstaða

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem rökstyður ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar né eftirlitshljóðskýrslu sem liggur fyrir í málinu og ítrekar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni kröfum kæranda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kærðu og í umsögn þessari er þess óskað að Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Anna Jóhannesdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi





**Fylgigögn:**

1. Greinargerð HER vegna stjórnslukæru nr. 77/2022
2. Greinargerð HER vegna stjórnslukæru nr. 102/2022
3. Greinargerð HER vegna stjórnslukæru nr. 42/2023
4. Greinargerð HER vegna stjórnslukæru nr. 57/2024
5. Samskipti HER við eigendur íbúða nr. 201, 205 og 301 vegna hljóðmælinga
6. Bréf um synjun umsóknar Skor um rýmkun opnunartíma dags. 13. janúar 2025
7. Yfirlit yfir kvartanir sem hafa borist vegna starfsemi Skor frá og með september 2024
8. Skýrsla vegna eftirlits í Kolagötu 1, íbúð 201 og 205 vegna kvartana um hávaða (eftirlitshljóðskýrsla).
9. Samskipti HER við kæranda vegna afhendingar eftirlitsskýrslu um hljóðmælingar 15. og 29. september 2023 ásamt andmælum við skýrsluna og svörum við andmæli
10. Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits
11. Gildandi starfsleyfi Skor ásamt starfsleyfisskilmálum